

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess er innheimt hálf gjald af frístundahúsum með sama hætti.

Búrekstraraðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 40.192.
- b) Frístundahús, kr. 20.096.
- c) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð eru eftirfarandi:
Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.645 og urðunargjald kr. 4.400 eða samtals kr. 8.045.
Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals móttöku- og flutningsgjald kr. 37,12 og urðunargjald kr. 44,10 og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist móttöku- og flutningsgjald kr. 3.645 og urðunargjald kr. 4.400.
- d) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkudum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrúllplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- e) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang, losuð tvisvar í mánuði, 32.038 kr./ár.
- b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang, losuð tvisvar í mánuði, 42.717 kr./ár.
- c. 240 lítra endurvinnslutunna, losuð einu sinni í mánuði, 15.865 kr./ár.
- d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt búfjárefirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir	944 kr./grip	Sauðfé og geitfé	174 kr./grip
Hross	371 kr./grip	Grísir	615 kr./grip

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. janúar 2017. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1073/2015, sbr. nr. 90/2016, úr gildi.

Nr. 1170

13. desember 2016

Samþykkt á fundi umhverfisráðs 20. september 2016 og á fundi sveitarstjórnar 18. október 2016.

Dalvíkurbyggð, 13. desember 2016.

Bjarni Th. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2016